



AÐ TEIKNÁ Í STEIN: Örn Þorsteinsson myndlistarmaður sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum en þau eru höggvin í stein sem Örn hefur farið höndum um. DV-mynd GVA

– Örn segir að í steinhögginu komi ekkert í staðinn fyrir hamar og meitil en hann reynir að nota þá tækni nútímans sem býðst til þess að léttja sér lífið. Myndhöggvarar í dag beita steinsögum, borum, loft-hömrum og ýmsum tækjum og tólum til þess að léttja sér verkið.

„Hamar og meitill eru samt mín helstu áhöld.“

Erótískt grjót

– Það vekur athygli blaðamanns hve margir steinskúlptúrar Arnar búa yfir munúðarlegum boglínunum af anatómískum uppruna sem gefa stærri steinunum ákveðið erótískt yfirbragð. Eru steinar svona heillandi?

„Ég reyni að halda í ytra form steinsins í þessum stærri og virði grunnformið sem náttúran hefur verið að móta í þúsundir ára. Stundum verður þetta eins og svar sem umbreytir steininum lítið. Þessi form eru yfirleitt tengd umhverfi steinsins og sótt í form sem þeir hafa verið í,“ segir Örn og gefur lítið fyrir erótíska hugsýn blaðamanns.

Þegar við ræðum málið betur kemur í ljós að þegar Örn fékkst við kennslu var móteldteikning hans helsta kennslugrein. Hann kenndi bæði nemendum í Myndlista- og handíðaskólanum og einnig almenningi á kvöldnámskeiðum og margir sem nú hafa haslað sér völl í myndlist drógu

fyrstu blýantsstrikin undir handleiðslu Arnar. Móteldteikning fer samkvæmt hefð þannig fram að nakin fyrirsæta stendur eða situr meðan nemendurnir teikna hana eða hann. Þarna er auðvitað kominn skýringin á lostafullum boglínunum steinanna. Hún er til orðin eftir áratuga umgengni við nakid fólk.


– Örn segir að það sé nauðsynlegt hverjum listamanni sem fæst við stóra og þunga steina eins og hann gerir að búa yfir ákveðinni tækniþekkingu. Sjálfur vann Örn árum saman með föður sínum sem var vélvirki og fékkst við mörg flókin verkefni. Meðal annars rifu menn á vegum hans niður herstöðvar á Heiðarfjalli á Langanesi og Straumnesfjalli á Hornströndum. Örn segir að þátttaka í þessum verkum og það að flytja þunga hluti eins og stóra gufukatla og olútanka ofan af fjalli og um borð í bát án stórvirkra tækja hafi kennt sér margt um það hvernig á að umgangast þunga hluti.

– En hvert ætlar steinhöggvarinn næst?

„Ég hef ekki sérstaklega lagt það á borðið fyrir mér. Ég hef verið að fást við þessa steina mjög lengi en það fyrsta sem ég hef gert síðan ég lauk því er að fara með þjöl á bronshluti sem ég steypiti fyrir fáum árum. Ég á samt mikið af steinum sem ég vil ljúka við að vinna í en maður veit aldrei hvert listin leiðir mann.“

palli@dv.is

HVÍTA HÚSID / STA



„Ég nýt þess að grilla hann“



Camembert á fiskinn

Í grillsósuna: Gráðaostur

Yrja með svínakjötinu

Á hamborgarann: Grillostur

Rjómaostur í bökuðu kartöflunum og sósuna



www.ostur.is



Íslenskir ostar - hreinasta afbragð